

Sp. 40. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga.

Flm.: Alexander Stefánsson, Jóhann Einvarðsson, Niels Á. Lund,
Stefán Valgeirsson, Guðmundur Gíslason, Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar nefnd til að gera breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978, með því að setja í lög skýr ákvæði um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga.

Enn fremur að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga um greiðslu kostnaðar við sjúkraflutninga og ferðakostnað sjúklinga, þau verði einfölduð og gerð aðgengilegri og aðstöðumunur sjúklinga í sambandi við kostnað sjúkraflutninga verði jafnaður.

Greinargerð.

Núgildandi lög gera engan aðila í landinu ábyrgan fyrir sjúkraflutningum eða skipulagi þeirra. Sjúkrabifreiðar eru ýmist í eigu sveitarfélaga, sýslufélaga eða félagasamtaka. Rauði krossinn á nú stóran hluta sjúkrabifreiða í landinu og hefur sýnt lofsvert framtak í þessum málum, en til eru læknishéruð sem eiga enga sjúkrabifreið. Rekstri þessara bifreiða er hagað með ýmsu móti. Jafnvel eru dæmi þess, að slíkar bifreiðar eru í geymslu ónotaðar þar sem enginn ábyrgur aðili vill sjá um rekstur þeirra. Einkum eru laun ökumanna erfitt vandamál, en víða greiða sveitarfélög þessi laun.

Ekkert heildarskipulag er til um framkvæmd sjúkraflutninga nema helst í Reykjavík þar sem slökkviliðið sér um slíka flutninga. Á þessu þarf að verða breyting. Að mati flutningsmanna er eðlilegt að um þetta séu sett skýr ákvæði í lög um heilbrigðisþjónustu þar sem ákveðið sé hver eigi að vera ábyrgur fyrir sjúkraflutningum.

Þá er ljóst að þegar landsins búa við alvarlegt misrétti þar sem þeir, sem búa langt frá sjúkrahúsum, þurfa við núgildandi reglur að greiða óeðlilega háan kostnað vegna sjúkraflutninga. Þessu þarf að breyta. Ákvæði almannatrygginga eru óréttlát og flókin hvað þetta varðar. Er því nauðsynlegt að þetta ákvæði laganna verði endurskoðað með jöfnun kostnaðar í huga og reglurnar gerðar aðgengilegri.

Í 43. gr. almannatryggingalaga eru eftirtalin atriði varðandi sjúkraflutninga:

„i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands skal greiða að $\frac{3}{4}$ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sjúkraflutningur innanþéjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sé fylgd nauðsynleg greiðast $\frac{3}{4}$ af fargjaldi fylgdarmanns, þótt um áætlunarferð sé að ræða.

Um kostnað flutnings milli sjúkrahúsa fer eftir því, sem kveðið kann að vera á um í lögum um heilbrigðisþjónustu.

j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum, sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir, fyrir sjúklinga, sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, með eða án innlagningar.“

Þessi ákvæði laganna eru háð þeim reglum er tryggingaráð eða Tryggingastofnun setur um framkvæmdina, sem er í mörgum tilfellum flókin og tekur ekki nægjanlegt tillit til aðstæðna sjúklinga. Í þessari lagagrein stendur m. a.: „Um kostnað flutnings milli sjúkrahúsa fer eftir því, sem kveðið kann að vera á um í lögum um heilbrigðisþjónustu.“

Engin slík ákvæði eru til í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978. Hefur þessi grein ein sér valdið ágreiningi og oftast auknum útgjöldum sjúklinga.

Það er skoðun flm. að þennan þátt í greiðslu sjúkrakostnaðar hljóti að vera hægt að hafa í einföldu, aðgengilegu formi, án þess að sífellt þurfi til að koma úrskurðaratriði og reglur sem gera málið flóknara og erfiðara fyrir sjúklinga.

Á heilbrigðisþingi 1980 urðu töluverðar umræður um sjúkraflutninga. Fram kom í máli þingfulltrúa og starfshópa að skipulagsleysi í framkvæmd sjúkraflutninga er víðast stórt vandamál í læknishéruðum landsins, aðstöðumunur og kostnaður gífurlegur. Á þinginu kom fram sú hugmynd, að sjúklingar greiddu aldrei meira fyrir sjúkraflutninga en sem svaraði venjulegu sætafargjaldi á sömu flutningaleið með áætlunarbifreið eða flugvél.

Tilgangurinn með þessari þingsályktunartillögu er að þessi mál verði tekin til meðferðar og breyting gerð á lögum eftir því sem með þarf til að koma framkvæmd og skipulagi sjúkraflutninga í landinu í viðunandi form og jafna um leið aðstöðumun þess fólks, sem þarf á sjúkraflutningum að halda. Þetta eiga lög um almannatryggingar og heilbrigðisþjónustu að tryggja.